

GJALDSKRÁ

fyrir leiðsögn skipa við Ísland.

1. gr.

Gjald fyrir leiðsögn skips er miðuð við brúttórúmllestastærð þess, og þá vegalengd, sem það siglir, samkvæmt meðfylgjandi töflu.

Fyrir hverja sjómílu, eða brot úr sjómílu, allt að 10 sjómílu að og frá höfn eða stað, þar sem skipið hefur viðkomu, skal leiðsögumanni greitt samkvæmt meðfylgjandi töflu:

Fyrir skip allt að	500	br. rúml.	kr.	67,00
Fyrir skip allt frá	500— 1 000	br. rúml.	kr.	70,00
Fyrir skip allt frá	1 000— 1 500	br. rúml.	kr.	73,00
Fyrir skip allt frá	1 500— 2 000	br. rúml.	kr.	76,00
Fyrir skip allt frá	2 000— 3 000	br. rúml.	kr.	80,00
Fyrir skip allt frá	3 000— 4 000	br. rúml.	kr.	85,00
Fyrir skip allt frá	4 000— 5 000	br. rúml.	kr.	90,00
Fyrir skip allt frá	5 000—10 000	br. rúml.	kr.	98,00
Fyrir skip allt frá	10 000—15 000	br. rúml.	kr.	107,00
Fyrir skip allt frá	15 000—20 000	br. rúml.	kr.	116,00
Fyrir skip allt frá	20 000—30 000	br. rúml.	kr.	125,00
Fyrir skip allt frá	30 000 og þar yfir	br. rúml.	kr.	134,00

Greiðsla fyrir sjómílu eða brot úr sjómílu fram yfir áður nefndar 10 sjómílu skal vera:

Fyrir skip allt að	500	br. rúml.	kr.	15,00
Fyrir skip allt frá	500— 5 000	br. rúml.	kr.	18,00
Fyrir skip allt frá	5 000—10 000	br. rúml.	kr.	21,00
Fyrir skip allt frá	10 000 og þar yfir	br. rúml.	kr.	24,00

Minnsta leiðsögugjald skal vera kr. 600,00.

Leggi leiðsögumaður skipi að bryggju eða frá, komi því fyrir eða losi það úr festum (mooring), skal hann fá fyrir það kr. 160,00 fyrir skip allt að 500 br. rúml., og kr. 15,00 fyrir hverjar 100 br. rúml. skipisins þar yfir.

2. gr.

Fari viðstaða skipsins í höfn eða viðkomustað fram úr 6 klst. á leiðsögumaður tilkall til biðpeninga fyrir þann tíma, sem viðstaðan fer fram úr 6 klst., á hverjum stað. Skulu biðpeningar greiddast með kr. 78,00 pr. klst., þó ekki lengur en 8 klst. á hverjum sólarhring. Þar að auki ber leiðsögumanni frítt fæði og hvíldaraðstaða fyrir sig og aðstoðarmann.

3. gr.

Leiðsögumanni ber greiðsla alls eðlilegs og sannanlegs kostnaðar fyrir flutning sinn milli skips og lands og ferðakostnaðar í veg fyrir skipið, eða frá því til leiðsöguhafnar. Hér með teljast laun á ferðalögum og ef leiðsögumaður bíður skips eftir ákveðinn komu- eða burtfarartíma þess. Skal það á sama hátt vera greitt með kr. 78,00 pr. klst., þó aldrei lengur en 8 klst. á sama sólarhring (frá 00.00—24.00).

4. gr.

Vetrargjaldskrá gildir á tímabilinu frá 1. október til 31. mars og skal vera $\frac{1}{3}$ hærri samkvæmt 1. gr., en óbreytt varðandi 2. og 3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 48 19. júní 1933, um leiðsögn skipa, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir leiðsögn skipa við Ísland nr. 494 frá 11. september 1981.

Samgönguráðuneytið, 31. ágúst 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir Íslenskar Getraunir, nr. 472 13. ágúst 1981.

1. gr.

3. málsl. 2. málgr. 8. gr. orðist svo: Vinstra megin á seðilinn eru prentaðir 12 knattspyrnuleikir, en hægri megin einn til tíu tölusettir aðaldálkar, sem hver um sig er þrískiptur.

2. gr.

1. málsl. 2. málgr. 11. gr. orðist svo: Á getraunaseðli, sem gerður er fyrir einfaldar raðir, eru einn til tíu aðaldálkar, sbr. 8. gr.

3. gr.

1. málgr. 13. gr. orðist svo:

Verð hverrar getraunaraðar er kr. 1,50.

4. gr.

3. málsl. 22. gr. orðist svo: Brot á þessum ákvæðum varða sektum, sem greiðist í Íþróttasjóð.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um getraunir nr. 59 29. maí 1972, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. ágúst 1982.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.